

Snjóalög á Hofsjökli vorið 1999

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-99-01

1999-6-22

Snjóalög á Hofsjökli vorið 1999

Vorið 1999 var ákoma mæld á Hofsjökli dagana 13.-19. maí. Bráðabirgðaúrvinnsla bendir til að ákoman hafi verið rétt undir meðallagi á Sátujökli síðan 1988. Á Þjórsárjökli virðist hún hafa verið langt undir meðallagi.

Hér fara á eftir nokkrar mældar stærðir og samanburður við fyrri ár. Mæling á vetrarúrkomu á toppi Hofsjökuls í 12 ár gefur eftirfarandi töflu:

Ár	Úrkoma mm
1988	2790
1989	3720
1990	2320
1991	3320
1992	4130
1993	3740
1994	3420
1995	2710
1996	3020
1997	2710
1998	2450
1999	2610

Snjór á toppi Hofsjökuls í ár er vel undir meðallagi þessa áratugar.

Í eftirfarandi töflu sést samanburður á meðalsnjóþykkt í cm á leysingarsvæði á völdum línnum á Sátujökli norðan í Hofsjökli (900-1200 m y.s.), Þjórsárjökli austan í Hofsjökli (800-1000 m y.s.). Í hverri línu eru 9-16 mælipunktur.

Ár	Sátujökull	Þjórsárjökull
1995	217	260
1996	160	212
1997	164	190
1998	132	147
1999	173	175

Hér sést að snjór er í minna lagi á Þjórsárjökli miðað við undanfarin ár en hlutfallslega mun drýgri á Sátujökli.

Eftirfarandi eru töflur með bráðabirgðaútreikningi á vetrarákomu á Sátujökli og Þjórsárjökli veturinn 1998-1999. Einungis er reiknað út úr einföldu sniði upp jökulinn.

AFKOMUMÆLING

1998 - 1999

Jökull HOFSJÖKULL	Vatnasvið Vestari-Jökulsá	Unnið af Oddi
----------------------	------------------------------	------------------

Hæðarbil m y.s.	Flatarmál km ²	Vetrarafkoma			Sumarafkoma			Ársfkoma		
		10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²	10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²	10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²
1700-1800	4,5	12,2	2,70	85	0,0		0			0
1600-1700	2,8	7,3	2,60	82	0,0		0			0
1500-1600	8,0	19,1	2,40	76	0,0		0			0
1400-1500	11,2	24,6	2,20	70	0,0		0			0
1300-1400	10,0	19,1	1,90	60	0,0		0			0
1200-1300	13,7	21,9	1,60	51	0,0		0			0
1100-1200	14,0	16,8	1,20	38	0,0		0			0
1000-1100	11,5	6,9	0,60	19	0,0		0			0
900-1000	7,3	5,1	0,70	22	0,0		0			0
860- 900	2,3	2,3	1,00	32	0,0		0			0
860-1800	85,4	135,3	1,59	50	0,0	0,00	0	0,0	0,00	0

AFKOMUMÆLING

okt. 1998 - maí 1999

Jökull HOFSJÖKULL	Vatnasvið Þjórsá	Unnið af Oddi
----------------------	---------------------	------------------

Hæðarbil m y.s.	Flatarmál km ²	Vetrarafkoma			Sumarafkoma			Ársfkoma		
		10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²	10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²	10 ⁶ m ³	m	l/s/km ²
1700-1800	6,1	15,9	2,60	82	0,0		0			0
1600-1700	6,8	17,0	2,50	79	0,0		0	0		0
1500-1600	20,6	49,4	2,40	76	0,0		0			0
1400-1500	35,5	81,6	2,30	73	0,0		0			0
1300-1400	25,3	48,1	1,90	60	0,0		0			0
1200-1300	27,6	44,2	1,60	51	0,0		0			0
1100-1200	26,5	37,1	1,40	44	0,0		0			0
1000-1100	31,0	37,2	1,20	38	0,0		0			0
900-1000	26,1	26,1	1,00	32	0,0		0			0
800- 900	22,7	18,2	0,80	25	0,0		0			0
700- 800	15,9	9,5	0,60	19	0,0		0			0
640- 700	7,9	4,0	0,50	16	0,0		0	0		0
640-1800	252,0	388,2	1,54	49	0,0	0,00	0			

Eftir mælingu á Hofsjökli aðfaranótt 19. maí 1999 gerði hressilega snjókomu og bætti á jökulinn svo nam tugum mm úrkomu. Þessi úrkoma kemur ekki fram í mælingunni hér að ofan.